




# Planið Framvinda

2014

Hagmál

23. mars 2015



# EFNISYFIRLIT

<b>1 Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>2 Mælaborð</b>	<b>4</b>
2.1 Heildarárangur	4
2.2 Áhrif ytri breyta	5
2.3 Frestun fjárfestinga í fráveitu	6
2.4 Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	7
2.5 Lækkun annarra fjárfestinga	9
2.6 Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	10
2.7 Lækkun rekstrarkostnaðar	11
2.8 Eignasala	13
2.9 Víkjandi lán frá eigendum	15

# 1 INNGANGUR

Skýrsla þessi spannar tímabilið 2011-2014. Aðgerðaáætlun eigenda og OR „Planið“, fór formlega í gang í byrjun apríl 2011 og eru framvinda og töluleg gögn talin til 31. desember 2014. Planið er forgangsverkefni hjá OR og er mikil áhersla lögð á að bæta sjóðstreymi m.a. með því að finna sparnaðarleiðir og byggja upp „sparnaðarmenningu“ innan fyrirtækisins. Mælaborð í skýrslunni sýnir rauntölur áráanna 2011 til 2014 í samanburði við Planið, uppsafnað og á ársgrundvelli. Í mælaborðinu er notast við súlurit og töflu þar sem árangur er auðkenndur með grænum, gulum og rauðum litum.

## 2 MÆLABORÐ

### 2.1 HEILDARÁRANGUR VERKEFNISINS


	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	6.813.-	43.865.-	51.263.-
Árangur (m.kr)	7.441.-	49.607.-	49.607.-

Heildarárangur Plansins árið 2014 er 628 mkr. yfir markmiðum tímabilsins. Mestur árangur er í Lækkun rekstrarkostnaðar og leiðréttingu gjaldskrár. Flestir þættir verkefnisins ganga vel eins og sjá má í **töflu 1**. Einstakir liðir Plansins eru skýrðir nánar í næstu köflum. Eins og sjá má á stöðumynd náðist markmið tímabilsins 2011-2014 en aðgerðir skiluðu 13,1% betri árangri en gert var ráð fyrir.

Heildarárangur frá upphafi plansins er því 5.742 mkr. umfram markmið tímabilsins.

Áhrif ytri breyta eru neikvæð sem nemur 784 mkr. á árinu 2014 og neikvæð sem nemur 1.205 mkr. á tímabilinu 2011-2014. Nettó niðurstaða Plansins er því neikvæð sem nemur 156 mkr. Á árinu 2014 og 4.537 mkr. fyrir tímabilið 2011-2014.

#### Planið 2011-2014



Tafla 1

	Planið		Raun	
	2011-2016	2011-2014	2011-2014	
Planið - Ma.kr	2011-2016	2011-2014	2011-2014	
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	9,9	✓	12,2
Eignasala	10,0	10,0	✗	9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	3,0	✓	4,6
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	0,9	✓	1,3
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	2,9	✓	3,2
Samtals - Innri aðgerðir	31,3	26,7	✓	30,2
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	12,0	✓	12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	5,2	✓	7,4
Samtals - Ytri aðgerðir	20,0	17,2	✓	19,4
Samtals aðgerðaráætlun	51,3	43,9	✓	49,6

## 2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA 2014

- Ytri aðstæður, sem OR hefur ekki stjórn á, hafa mikil áhrif á ýmsa liði, sérstaklega fjármagnsliði. Þær markaðsbreytur sem hafa mest áhrif eru vaxtastig, gengisþróun, álverð og vísitölur.
- Þrátt fyrir að álverð og gengisvísitala hafi verið óhagstætt á tímabilinu þá hefur það ekki haft samsvarandi áhrif á sjóðstreymi þar sem að byggingar- og neysluvísitölur ásamt vöxtum eru jákvæð á tímabilinu. Sjóðsstreymi er því um 728 mkr. lakara en áætlun ársins gerir ráð fyrir.
- Áhrif ytri breyta á tímabilinu 2011-2014 eru neikvæð um 1.205 mkr.

Tafla 2


Helstu forsendur	PLANID 2014	Raun 2014	Áhrif á sjóðstöðu mkr.	Uppsafnað 2011-2014
Vísitala neysluverðs, breyting milli ára	2,50%	2,00%	625	1.656
Vísitala byggingarkostnaðar, breyting milli ára	2,50%	1,60%		
Gengisvísitala, meðaltal tímabils	216,3 stig	206,9 stig	-907	-1.332
Álverð, meðalverð tímabilsins	\$2.758	\$1.893	-2.820	-7.234
Meðalvextir	3,54%	1,73%	2.318	5.705
<b>Samtals</b>			<b>-784</b>	<b>-1.205</b>

## 2.3 FRESTUN FJÁRFESTINGA Í FRÁVEITU

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	0.-	2.900.-	0.-
Árangur (m.kr)	-148.-	3.154.-	3.154.-

- Frestun fjárfestinga í fráveitu um tvö ár leiðir til þess að 2,9 ma.kr. flytjast frá árunum 2012 og 2013 til 2015 og 2016. Heildarfjárfesting vegna fráveitu á fimm ára tímabili er því óbreytt en mun leiða til minni fjármagnskostnaðar á fyrri hluta tímabilsins. Tekjur af þessari fjárfestingu eru óverulegar þar sem aðallega er um stórt endurnýjunarverkefni á Vesturlandi að ræða.
- Þetta er afar mikilvægt þar sem stór gjalddagi afborgana var í lok apríl árið 2013, eða rúmlega 10 ma.kr.

**Fjárfesting fráveitu 2011-2014**




## 2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	2.518.-	9.931.-	15.000.-
Árangur (m.kr)	2.362.-	12.197.-	12.197.-

- Tæknistjórar Veitna forgangsráða verkefnum hver í sínum miðli. Fjárfestingaráð fer yfir þá forgangsröðun og sér til þess að þar sé samræmi milli miðla. Áform um hverja einustu fjárfestingu þarf endanlegt samþykki fjárfestingaráðs áður en byrjað er á henni. Innkauparáð fer yfir og staðfestir að farið sé eftir innkaupareglum og ferlum.
- Á tímabilinu 2014 er gert ráð fyrir að lækka fjárfestingar í veitukerfum um 2.518 mkr. Lækkun ársins nam 2.362 mkr. Það er um 156 mkr. lakari árangur en Planið gerir ráð fyrir. Á tímabili Plansins er árangurinn 12.197 mkr. eða 2.266 mkr. umfram áætlun.


### Fjárfesting í veitukerfum 2011-2014



## 2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM FRH.

- Árangri í lækkun fjárfestinga í veitukerfum má skipta niður á þrjá miðla, rafmagn, heitt- og kalt vatn og hefur hver miðill skilað góðum árangri á tímabili plansins.
- Grafið sýnir framlag hvers miðils til lækkuna fjárfestinga í veitukerfum árið 2014.

### Fjárfestingar í veitukerfum - miðlar






## 2.5 LÆKKUN ANNARRA FJÁRFESTINGA

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	200.-	850.-	1.250.-
Árangur (m.kr)	223.-	1.303.-	1.303.-

- Heildarmarkmið 2014 í lækkun annarra fjárfestinga er 200 mkr. Hér er um að ræða fjárfestingar t.d. í upplýsingakerfum og fasteignum. Lækkun tímabilsins 2014 nam 223 mkr. sem er um 23 mkr. meira en gert var ráð fyrir.
- Á tímabili Plansins er árangurinn 1.303 mkr. eða 453 mkr. umfram markmið.

### Lækkun annara fjárfestinga 2011-2014




## 2.6 AUKNAR TEKJUR VEGNA LEIÐRÉTTINGAR GJALDSKRÁR

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	1.295.-	5.184.-	8.013.-
Árangur (m.kr)	1.913.-	7.411.-	7.411.-


- Markmið fyrir 2014 er að ná 1.295 mkr. tekjuaukningu. Fyrir tímabilið 2011-2014 var markmiðið 5.184 mkr. Tekjuaukning hefur orðið 7.411 mkr. sem er 2.227 mkr. meira en áætlun gerði ráð fyrir. Skýringin er meiri hækkun vísitölu á tímabilinu en spáð var.

### Auknar tekjur af fráveitu og hitaorku



## 2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR

### Lækkun rekstrarkostnaðar 2011-2014



	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	900.-	3.000.-	5.000.-
Árangur (m.kr)	1.538.-	4.554.-	4.554.-


- Hagræðingarkrafa á rekstrarkostnað, fyrir utan orkukaup og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, er 5.000 mkr. á árunum 2011 til 2016. Á árinu 2014 er gert ráð fyrir að lækkun rekstrarkostnaðar nemi 900 mkr. Rekstrarkostnaður er 638 mkr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir á árinu.
- Á tímabili Plansins er árangurinn 4.554 mkr. eða 1.554 mkr. betri árangur en áætlun gerði ráð fyrir.
- Kostnaður vegna gjaldfærslu áfallinnar lífeyrisskuldbindingar, breytingar orlofsskuldbindingar og afskrifta viðskiptakrafna var 39,8mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þessir liðir hafa ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem um reiknaðar stærðir er að ræða.
- Mikil áhersla er á að auka kostnaðarvitund starfsfólks á öllum stigum rekstrar og er árangur að skila sér hraðar en áætlað var fyrir tímabilið.

## 2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR FRH.


### FÆKKUN STARFSFÓLKS - LAUNAKOSTNAÐUR

- Áætlað var að starfsfólki OR fækkaði um 90 manns á árunum 2011-2016.
- Markmiði um 90 starfsmanna fækkun var náð í lok febrúar 2012 sem er mun fyrir en gert var ráð fyrir.
- Starfsfólki samstæðu OR hefur fækkað um 185 frá árinu 2008 þegar mest var. Starfsmannafjöldinn þann 31. desember 2014 var 422 manns.
- Á árinu hefur fastráðnum starfsmönnum OR, ON og OR Veitna fjölgað um 5. Þann 31 desember 2014 voru starfsmenn 393.
- Launakostnaður er 329 mkr. undir áætlun.
- Ekki er ráðið í stað þeirra sem láta af störfum nema að nauðsyn krefji. Starfsfólk flyst milli starfa innan OR eftir því sem þörf er á og vinna hefur verið lögð í lykilmannagreiningu og færnipörun.

Fastráðnir starfsmenn OR, OV og ON í virku starfi



Fjöldi fastráðinna starfsmanna OR (samstæða) í tímabilslök.



## 2.8 EIGNASALA

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr)	1.900.-	10.000.-	10.000.-
Árangur (m.kr)	1.552.-	8.988.-	8.988.-

Á árinu 2014 hafa verið seldar eignir sem ekki tilheyrja kjarnastarfsemi OR fyrir 1.500 mkr.

Veitumannvirki að Hellissandi voru seld fyrir 18,8 mkr.

Auk þess sem ýmsir lausafjármunir og efni voru seld fyrir um 33,6 mkr.

**Tafla 3**


	Söluverð m.kr.	Athugasemdir/staða
Sala á hlut í HS Veitum.	1.500,0	Greitt að fullu
Iðnaðarhúsnæði	18,8	Greitt að fullu
Sala lausafjármuna (efni, tæki)	33,6	Greitt að fullu
<b>Eignasala alls</b>	<b>1.552,4</b>	

## 2.8 EIGNASALA, FRH.

### Yfirlit yfir eignir í sölufjerli á árinu 2014

- Sölufjerli á hlut OR í HS Veitum hófst á öðrum ársfjórðungi 2012. Kaupsamningur hefur verið undirritaður og kaupverð greitt að fullu.
- Unnið er að undirbúningi á sölu 49% hlutar í Gagnaveitu Reykjavíkur.

### Eignasala 2011-2014



## 2.9 VÍKJANDI LÁN FRÁ EIGENDUM

	2014	2011-2014	2011-2016
Markmið (m.kr.)	0.-	12.000.-	12.000.-
Árangur (m.kr.)	0.-	12.000.-	12.000.-

Eigendur OR samþykktu að veita OR víkjandi lán, 8.000 mkr. í apríl 2011 og 4.000 mkr. á fyrsta ársfjórðungi 2013. Allir eigendur hafa uppfyllt sínar skuldbindingar.

